



Langanesbyggð

HAFNARSVÆÐI ÞÓRSHAFNAR

- Breyting á deiliskipulagi -



dags. 13. júlí 2011

EFNISYFIRLIT

1	HAFNARSVÆÐI ÞÓRSHAFNAR - BREYTING Á DEILISKIPULAGI	4
1.1	SAMANTEKT	4
1.2	AFMÖRKUN OG AÐKOMA	4
1.3	FORSENDUR OG MARKMIÐ	4
2	SKIPULAGSTILLAGAN	5
2.1	VEGIR OG AÐKOMUR	5
2.2	BYGGINGAR.....	5
2.3	NIÐURRIF BYGGINGA	6
2.4	BÍLASTÆÐI	6
2.5	GÖNGULEIÐIR.....	6
3	ALMENNIR SKILMÁLAR	7
4	UMHVERFISMAT	7
4.1	AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMATIÐ OG VAL Á UMHVERFISÞÁTTUM.....	7
4.2	SKIPULAGSSVÆÐIÐ.....	8
4.3	SAMRÆMI VIÐ AÐALSKIPULAG	8
4.4	VALKOSTIR.....	8
	<i>Núllkostur</i>	8
4.5	ALMENNT UM UMHVERFISÁHRIF SKIPULAGSÁÆTLUNAR	9
	<i>Breytt fyrirkomulag Eyrarvegur</i>	9
	<i>Hafnarvegur</i>	9
	<i>Fiskimjòlsverksmiðja</i>	9
	<i>Siló og skorsteinar</i>	10
4.6	UMHVERFISMAT STEFNUMÍÐA SKIPULAGSÁÆTLUNAR.....	11
	<i>Heilsa</i>	11
	<i>Öryggi</i>	11
	<i>Efnahagur og atvinnulíf</i>	11
	<i>Byggð og efnisleg verðmæti</i>	11
4.7	FYRIRKOMULAG FRAMLEIÐSLU	16
4.8	SAMRÁÐ OG KYNNING	17
4.9	UMHVERFISVIÐMIÐ	17
4.10	VÖKTUNARÁÆTLUN	18
4.11	SAMANTEKT UMHVERFISSKÝRSLU	19
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	20
6	ATHUGASEMDIR OG SVÖR	20
7	GILDISTAKA OG FRAMKVÆMD	22
8	VIÐAUKAR	24

1 HAFNARSVÆÐI ÞÓRSHAFNAR - BREYTING Á DEILISKIPULAGI

1.1 Samantekt

Breyting á deiliskipulagi felur í sér eftirfarandi breytingar á skilgreiningum og skilmálum skipulagsins:

- vegtenging á milli Eyrarvegjar 3 og smábátahafnar breytist þannig að aðkoma að hafnarsvæði verður áfram um Eyrarveg en með hringakstri kringum Eyrarveg 1-3
- í skipulaginu eru skilgreindir 6 byggingarreitir í stað 4 áður
- hámarks hæð húsa á byggingarreit er skilgreind á uppdrætti
- ekki er lengur gert ráð fyrir niðurrífi Eyrarvegjar 8, sem jafnframt fær skilgreinda lóð, og syðri enda Eyrarvegjar 3
- bygging á byggingarreit Eyrarvegjar 14 hefur verið færð inn á uppdrátt
- fyrirkomulag bílastæða sunnan Eyrarvegjar 3 breytist og þar með eykst fjöldi stæða úr 37 í 62
- skilgreind eru 83 bílastæði við Hafnarveg
- útvistarstígur hefur verið skilgreindur við hafnargarðinn
- skilgreindur eru byggingarreitir fyrir tvo skorsteina, 25 m og 35 m að hæð auk nýs ketilhúss
- skilgreindir eru byggingarreitir fyrir allt að fjögur síló meðfram verksmiðjunni við Hafnarveg 4-6, að hámarki 40 m há

1.2 Afmörkun og aðkoma

Svæðið sem deiliskipulagið tekur til afmarkast af Bakka- og Fjarðarvegi í norðri, upptökurampi fyrir smábáta í austri, höfninni og sjó í suðri og vestri. Skipulagssvæðið er að mestu skilgreint sem hafnarsvæði í Aðalskipulagi Þórshafnar 2003-2023, en einnig nær það yfir svæði er flokkast sem athafnasvæði og miðsvæði.

Skipulagssvæðið er um 6,5 ha að stærð.

Afmörkun svæðis hefur breyst lítillega miðað við skilgreinda aðkomu um Eyrarveg með hringtengingu um Eyrarveg 1-3.

1.3 Forsendur og markmið

Forsendur breytinga þessara byggja á mótaðri stefnu Ísfélagsins um nýtingu og framtíðaruppbyggingu hafnarsvæðisins. Á forsiðu greinargerðar er flugmynd af svæðinu þar sem fyrirhuguðum mannvirkjum hefur verið bætt inn á til að auka skilning almennings á hugsanlegum sjónrænum áhrifum skipulagsins á

hafnarsvæðið s.s. með hæð húsa, skorsteina og sílóa. Frekari skýringarmyndir eru á síðum 11 – 14 í greinargerð þessari.

2 SKIPULAGSTILLAGAN

2.1 Vegir og aðkomur


Deiliskipulagið felur í sér aukna takmörkun og stýringu á almennri umferð um hafnarsvæðið enda hafa kröfur um slíka takmörkun aukist vegna öryggisþátta við komu erlendra skipa. Eyrarvegur verður megin aðkoma að höfninni en Hafnarvegur skilgreinist sem athafnasvæði með takmarkaðri umferð. Deiliskipulagsbreyting þessi felur í sér að ein vegtenging verður um Eyraraveg út á Fjarðarveg í stað tveggja áður. Gert er ráð fyrir hringakstri um Eyrarveg 1-3.



2.2 Byggingar

Í skipulaginu eru skilgreindir 6 byggingarreitir í stað 4 áður. Reitirnir hafa breyst í lögun og hliðrast lítillega:

- reitur á Hafnarvegi 5 hliðrast lítillega til suðurs
- reit á Hafnarvegi 4-10 hefur verið deilt niður í tvo
- nýr reitur er við Hafnarveg sem ráðgerður er fyrir fjögur síló, allt að 40 m há
- reit hefur verið bætt við fyrir vestan verksmiðju fyrir áætlað ketilhús með tveimur skorsteinum, 25 m og 35 m háum
- byggt hefur verið á reit Eyrarvegar 14 og hann því felldur út

Meðfylgjandi eru útlitsteikningar fyrirhugaðra sílóa við núverandi verksmiðju auk ketilhúss og tveggja skorsteina.





2.3 Niðurrif bygginga

Áfram er gert ráð fyrir að byggingin Eyrarvegur 4b verði fjarlægð en Eyrarvegur 8 og syðri endi við Eyrarveg 3 haldi sér.

2.4 Bílastæði

Bílastæði ætluð almenningi eru á nokkrum stöðum á skipulagssvæðinu:

- vestan við Eyrarveg 2 eru áætluð 15 bílastæði
- á hafnarsvæðinu, við Eyrarveg eru skipulögð 7 bílastæði
- sunnan við Eyrarveg 3 eru skipulögð 55 bílastæði
- við Hafnarveg eru ráðgerð 83 bílastæði
- 3 bílastæði eru áætluð við Eyrarveg 2

Við Hafnarveg verður möguleiki á hindrun á almennri umferð vegna atvinnusvæðisins. Samtals eru skipulögð ca. 160 bílastæði á deiliskipulagssvæðinu.

2.5 Gönguleiðir

Gönguleiðir eru betur skilgreindar í deiliskipulagsbreytingunni. Útivistarstígur hefur verið skilgreindur við hafnargarðinn. Kvöð er á stíg með sunnanverðum Bakkavegi.

3 ALMENNIR SKILMÁLAR

Almennir skilmálar skipulagsins breytast ekki.

4 UMHVERFISMAT

Í skipulaginu er ekki gert ráð fyrir matsskyldum framkvæmdum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum 106/2000 en mat hefur verið lagt á þá þætti sem skipulagsbreytingin getur haft í för með sér.

4.1 Aðferðir við umhverfismatið og val á umhverfisþáttum

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsáætlunar. Við val á umhverfisþáttum sem lagðir eru til grundvallar við umhverfismatið er gengið út frá deiliskipulaginu í heild og núverandi umhverfisaðstæðum á áætlunarsvæðinu.

Þeir umhverfisþættir sem voru lagðir til grundvallar eru eftirfarandi:

umhverfisþættir		lýsing umhverfisþátta
heilsa	heilsufar íbúa	staðbundin loftgæði
	ópægindi	lykt ryk hávaði
öryggi	samfélagsöryggi	umferðaröryggi
efnahagur og atvinnulíf	staðbundið	fjöldi og stærð fyrirtækja
	atvinnuhúsnæði	nýbyggingar
byggð og efnisleg verðmæti	byggðamynstur	yfirbragð byggðar

Við mat á áhrifum skipulagsáætlunar voru notuð eftirfarandi tákn/einkunnir:

+	Jákvæð	Skipulagsáætlun styður viðmið varðandi viðkomandi umhverfisþátt
0	Óveruleg	Skipulagsáætlun hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
-	Neikvæð	Skipulagsáætlun vinnur gegn viðmiðum varðandi viðkomandi umhverfisþátt
Ú	Óvissa	Áhrif skipulagsáætlunar á viðkomandi umhverfisþátt er háð því hvernig stefna skipulagsáætlunar verður nánar útfærð í framkvæmdum

Einkenni áhrifa voru metin og þeim lýst með eftirfarandi hugtökum:

- bein / óbein
- varanleg / tímabundin
- afturkræf / óafturkræf
- samvirk / sammögnuð

4.2 Skipulagssvæðið

Svæðið sem deiliskipulagið tekur til afmarkast af Bakka- og Fjarðarvegi í norðri, upptökurampi fyrir smábáta í austri, höfninni og sjó í suðri og vestri. Skipulagssvæðið að mestu skilgreint sem hafnarsvæði í Aðalskipulagi Þórshafnar 2003-2023, en einnig nær það yfir svæði er flokkast sem athafnasvæði og miðsvæði.

4.3 Samræmi við aðalskipulag

Skipulagsbreytingin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Þórshafnar 2003-2023 sem gerir ráð fyrir hafnsækinni starfsemi á svæðinu. Norðausturhluti svæðisins er skilgreindur fyrir athafnasvæði en þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun s.s. léttum iðnaði, vörugymslum o.fl. Einnig er hluti skipulagssvæðisins skilgreindur sem miðsvæði en höfnin á Þórshöfn er miðpunktur atvinnu- og mannlífs og rennir stoðum undir mannlíf í miðbænum.

4.4 Valkostir

Við val á útfærslu breytingar þessarar voru nokkrir kostir ræddir í samráði við sveitarfélagið, Ísfélagið og hafnarstjórn að lokum var fallist á framlagða skipulagstillögu.

Núllkostur

Ef ekki kemur til framfylgdar skipulagsbreytingar þessarar verður núllkostur fyrir valinu, þ.e. framfylgd gildandi skipulags. Gera má þá ráð fyrir að fyrirætlanir um frekari uppbyggingu Ísfélagsins raskist þar sem skilmálar gera ekki ráð fyrir hærri byggingum en 12 m. Áhrif á yfirbragð byggðar, þ.e. sjónræn áhrif verða þar af

leiðandi ekki eins mikil og skipulagsbreytingin gerir ráð fyrir en neikvæð áhrif verða hins vegar á efnahag og atvinnulíf vegna þessara takmarkana.

4.5 Almenn umhverfisáhrif skipulagsáætlunar

Fjallað verður um þær breytingar sem skipulagsáætlunin felur í sér og hvaða áhrifa mun hugsanlega gæta af völdum hennar.

Breytt fyrirkomulag Eyrarvegjar

Með breyttu fyrirkomulagi inn- og útaksturs á Eyrarvegi mun öryggi akandi og gangandi vegfarenda aukast þar sem bílum gefst kostur á hringakstri og stórir bílar eiga ekki að þurfa að bakka með tilheyrandi hættu fyrir gangandi vegfarendur.

Hafnarvegur

Gert er ráð fyrir takmörkunum á innakstri inn á Hafnarveg. Með því móti er komið í veg fyrir óþarfa umferð og þar með aukið öryggi á svæðinu.

Fiskimjölsverksmiðja

Í skipulaginu er gert ráð fyrir mjölnhúsi með tilheyrandi starfsemi. Starfsemin hefur verið skilgreind í liði, A-H, og grein gerð fyrir hugsanlegum umhverfisáhrifum sem af starfseminni getur hlotist.

A. Móttaka og geymsla hráefnis

Ferskt hráefni er lyktarlítið en ef það rotnar verður af því óþægileg lykt sem borist getur út í umhverfið ef geymslur eru opnar.

B. Vinnsluferill

Framleiðsla fiskimjöls og lýsis fellst í að eima og þurrka mest allt vatn úr hráefninu og skilja lýsi frá vökvanum. Við þurrkun er loft að nokkru leyti notað til að bera vatnið úr hráefninu og einnig er óhjákvæmilegt að lekaloft komist inn í vinnsluferilinn. Þó að vatnseimurinn í lofti, sem leitt er frá vinnsluferlinu, sé þvegin úr með sjó verða eftir lyktgefandi gös sem berast með loftinu út í umhverfið ef ekkert er að gert.

C. Verksmiðjuhús

Þó að undirþrýstingur sé á vinnsluferlum smitast alltaf nokkuð loft út úr þeim og blandast loftræstingu hússins eða getur borist út í umhverfið frá húsinu.

D. Mjölmeðferð

Eftir vinnslu er mjölið kælt og malað en hvoru tveggja hefur í för með sér notkun á lofti sem tekur í sig mjölryk og lykt. Frá geymslum getur borist lykt og ryk út í umhverfið. Þegar mjöl er sekkjað til geymslu falla til umbúðir sem þarf að farga eða endurnýta og við útskipun getur ryk og lykt borist til umhverfis.

E. Lýsimeðferð

Lýsi getur borist í frárennsli og einnig er hætt á leka frá vinnsluferli, geymslum og útskipun til staðar.

F. Orkuframleiðsla

Mikla varmaorku þarf til framleiðslunnar og er hún annaðhvort framleidd með olíu eða rafmagn. Við notkun olíu fer mikið magn brunalofts út í umhverfið.

G. Hjálparefni notuð við vinnsluna

Í efnarni til lyktheydingar eru notuð klórefni og við þvotta á vinnsluferlinu er notaður vítissóði ásamt saltþéturs- eða súlfamínsýru. Einnig eru stundum notuð efni til íblöndunar í hráefni, andoxunarefni í mjöl, sóttthreinsandi efni og sápa til þrifa. Þá eru notuð íblöndunarefni í ketilvatn. Engin af þessum efnum eru þrávirk og öll eru þau óskaðleg ef rétt er með farið.

H. Frárennsli

Af því hráefni sem fer inn eimast og þurrkast 60-65% frá sem vatn. Þetta vatn ber með sér uppleyst lífræn efni. Til að þetta þann eim sem ekki þéttist í ferlinu þarf kælisjó sem þynnir út hluta þéttivatnsins.

Síló og skorsteinar

Við verksmiðju er gert ráð fyrir fjórum sílóum allt að 40 m háum. Í sílóunum skal fullunnið fiskimjöl geymt. Einnig eru ráðgerðir tveir skorsteinar, 25 og 35 m háir, við ketilhús og núverandi verksmiðju.

Með tilkomu skorsteinanna má gera ráð fyrir að útblástur frá verksmiðjunni verði hreinsaður betur en áður og mun samræmast reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.

Hæð sílóanna og skorsteinanna er meiri en umliggjandi bygginga og munu þau hafa áhrif á ásýnd og yfirbragð byggðar. Má telja að sílóin og skorsteinarnir verði þar með n.k. kennileiti í byggðarlaginu.

4.6 Umhverfismat stefnumiða skipulagsáætlunar

Hver umhverfispáttur var metinn og honum gefin einkunn skv. kafla 4.1. Umfjöllun er um hvern umhverfispátt og þau áhrif sem skipulagsbreytingin getur haft á hann.

umhverfispættir		lýsing umhverfispáttanna	einkunn
Heilsa	heilsufar íbúa	staðbundin loftgæði	- / 0
	ópægindi	hávaði, lykt og ryk	- / 0
Öryggi	samfélagsöryggi	umferðaröryggi	+
efnahagur og atvinnulíf	staðbundið	fjöldi og stærð fyrirtækja	+
	atvinnuhúsnæði	nýbyggingar	+
byggð og efnisleg verðmæti	byggðamynstur	yfirbragð byggðar	-

Heilsa

Áhrif framkvæmdanna á heilsu og vellíðan þorpsbúa og starfsmanna gæti orðið neikvæð í skamman tíma á meðan á framkvæmdatíma stendur, þá einkum vegna ónæðis, ryks, aukinnar ljósmengunar og útblásturs vinnuvéla. Þegar framkvæmdum verður lokið og verksmiðjan tekin til starfa munu neikvæð umhverfisáhrif hennar einkum felast í frárennsli og útblæstri sem þó verður mjög bætt miðað við núverandi ástand og fylgja þeim lögum og reglum sem gilda. Ópægindi af völdum hávaða, lyktar og ryks verði minni en áður, því jákvæð áhrif frá núverandi ástandi, og óveruleg í umhverfismati skipulagsins.

Öryggi

Bætt skipulag á umferðarflæði um hafnarsvæðið um Eyrarveg og takmörkun á umferð um Hafnarveg mun auka mjög á umferðaröryggi. Með skipulaginu skapast möguleiki á að loka allri óviðkomandi umferð um hafnarsvæðið/löndunarbryggju á álagstímum sem gefur rýmra og öruggara vinnusvæði.

Efnahagur og atvinnulíf

Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir uppbyggingu og fjölgun starfa í byggðarlaginu sem hefur ótvírætt bein og jákvæð áhrif á umhverfispáttinn efnahagur og atvinnulíf.

Byggð og efnisleg verðmæti

Með þeirri uppbyggingu sem áætluð er á skipulagssvæðinu mun ásýnd byggðar breytast. Ráðgerðir eru háir skorsteinar og síló sem munu verða ríkjandi í umhverfinu. Meðfylgjandi eru tölvugerðar myndir sem sýna staðsetningu og stærð ráðgerðra mannvirkja í umhverfinu.



Fyrir - Núverandi ásjón byggðar frá Fjarðarvegi til vesturs að hafnarsvæðinu.



Eftir - Möguleg ásjón byggðar frá Fjarðarvegi til vesturs að hafnarsvæðinu með ráðgerðum sílóm og skorsteinum (ath. öðrum fyrirhuguðum byggingum hefur ekki verið bætt inná.)




Fyrir - Núverandi ásjón byggðar frá Fjarðarvegi 2 til vesturs að hafnarsvæðinu.



Eftir - Möguleg ásjón byggðar frá Fjarðarvegi 2 til vesturs að hafnarsvæðinu með ráðgerðum byggingum og sílóum.



Fyrir - Núverandi ásýnd Hafnarvegar.



Eftir - Möguleg ásýnd Hafnarvegar með núverandi og ráðgerðum mannvirkjum.



Fyrir - Nýleg flugmynd af Þórshöfn.



Eftir - Fyrirhuguðum mannvirkjum skipulagssvæðisins hefur verið bætt inn á flugmyndina.

4.7 Fyrirkomulag framleiðslu

- A. Afköst í löndun verða um 400 tonn/klst og hráefnið leitt í lokuðu ferli til lokaðra geymslutanka. Blóðvatn sem skilst frá við löndun verður varðveitt í lokuðum tönkum og nýtt inn í vinnsluna. Þannig er tryggt að lykt frá meðhöndlun og geymslu hráefnis takmarkist við hús og hafnarsvæði. Áhersla verður lögð á ferskleika hráefnis en óþægileg lykt frá hráefni eykst með geymslutíma.
- B. Loft frá gufupurrkara og vinnsluferlum sem er um 25.000 m³/klst verður þvegið og kælt með sjó niður í 20° C, meðhöndlað í efnaturni og sett út í umhverfið í gegnum 35 m skorstein. Kæli loft frá mjölkæli og kvörn sem er um 28.000 m³/klst verður hreinsað af mjölyrki með síubúnaði, þvegið og kælt með sjó í um 20°, og síðan leitt til sama skorsteins.
- C. Loftræsting verksmiðjuhúss verður allt að 70.000 m³/klst. Hún verður framkvæmd með þeim hætti að undirþrýstingur verður í húsinu og loft leitt inn í húsið um ristar nærri gólfi og sogað gegnum víftu í rjáfri og blásið út til hins 35 m háa skorsteins.
- Með mikilli loftræstingu sem tekin er nærri jörðu inn í verksmiðjuna mun lykt umhverfis hana verða lítil sem engin. Einnig mun minna magn af menguðu lofti ná að komast út úr ferlinu en áður og það sem nær út þynnist gríðarlega í loftræsingunni áður en það yfirgefur vinnsluna í 35 m hæð yfir jörðu. Lyktmengið loft mun því slá niður mun fjær verksmiðjunni og á heppilegri stöðum en nú er og möguleg lyktgefandi gös verða margfalt meira útþynnt þar sem þau ná jörðu.
- D. Mjöl magnið sem kemur frá verksmiðjunni verður um 210 tonn/sólarhring þegar hún er í fullum rekstri og fer í lokuðu ferli til mjölhúss.
- E. Lýsi sem framleitt verður er á bilinu 30 til 180 tonn/sólarhring. Möguleikar á að lýsi komist út í umhverfið eru annarvegjar frá vinnslunni og þá í gegnum frárennsli af gólfum og hins vegar frá geymslutönkum eða við útskipun. Öllu frárennsli frá gólfum og yfirfall er leitt að fitugildru fyrir utan verksmiðju, frá henni er fitu dælt aftur í vinnsluferilinn.
- F. Núverandi verksmiðja brennir um 38 kg af olíu á hvert hráefnistonn. Á undanförunum árum hafa verið unnin um 30 til 60.000 tonn af hráefni á ári og til þess verið notuð um 1.100 til 2.200 tonn af olíu.
- G. Geymsla og meðhöndlun hjálparefna svo sem sóða, sýru og ketilefna verður í samræmi við lög og reglur Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins. Engin þessara efna eru þrávirk og þau skapa ekki hættu fyrir umhverfið við rétta notkun og eftir næga þynningu. Með því að safna affalli af gólfum og yfirfalli af tönkum áður en það er leitt til sjávar er hægt að tryggja með

þynningu, skiljun eða eimingu að ekkert fari í frárennsli sem valdið getur tjóni.

H. Frárennsli frá verksmiðjunni má skipta gróflega í tvennt.

1. 800 m³/klst kæli- og þvottasjór sem er um 15° C heitur.
2. Afrennsli af gólfum, þvottur og yfirfall af tönkum um 100 m³/viku þegar verkmiðjan er í gangi.

Afrennsli starfsmannaáðstöðu leiðist í frárennsliskerfi sveitarfélagsins.

Kæli- og þvottasjór er leiddur til sjávar um frárennsli verkmiðjunnar.

4.8 Samráð og kynning

Deiliskipulagsbreyting þessi var kynnt íbúum á almennum íbúafundi á auglýsingartíma. Samráð var haft við Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun.

4.9 Umhverfisviðmið

umhverfisþættir		lýsing umhverfisþátta	umhverfisviðmið
heilsa	heilsufar íbúa	staðbundin loftgæði	Loftmengun skal vera undir mörkum sem tilgreind eru í reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, bæði innan vinnustaðar sem og í þorpinu. Vöktun skal vera samkv. Fylgiskjali 1, reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit og taka til þátta sem tilgreindir eru í I.viðauka reglug. nr. 787/1999. Losunarmörk og viðmið eru sett í samræmi við 23. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði af Umhverfisstofnun (Hollustuvernd ríkisins) í tengslum við veitingu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
		hávaði	Hávaðamengun frá starfsemi skal vera innan marka samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 724/2008, viðaukar, töflur III og IV um hávaðamörk.
	ópægindi	lykt	Ekki stuðst við ákveðin viðmið
		ryk	Ekki stuðst við ákveðin viðmið
öryggi	samfélagsöryggi	aðbúnaður á vinnustað	Farið skal eftir lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.

		umferðar- öryggi	Vegalög nr. 80/2007 Reglugerð nr. 326/2004 um hafnarmál.
efnahagur og atvinnulíf	staðbundið	fjöldi og stærð fyrirtækja	Ekki stuðst við ákveðin viðmið
	atvinnu- húsnæði	nýbyggingar	Ekki stuðst við ákveðin viðmið
byggð og efnisleg verðmæti	byggða- mynstur	yfirbragð byggðar	Ekki stuðst við ákveðin viðmið
náttúra	vistkerfi	sjór/strand- svæði	Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landi.

4.10 Vöktunaráætlun

Ekki er talin ástæða til að vinna vöktunaráætlun á því sem við kemur deiliskipulaginu en almennt er talið að stefnumið þess leiði til betra umhverfisástands á hafnar-, athafna- og miðsvæði. Í tengslum við veitingu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur á svæðinu skal viðkomandi fyrirtæki vinna vöktunaráætlun vegna umhverfisáhrifa í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

4.11 Samantekt umhverfisskýrslu

Umhverfisskýrsla þessi tekur til breytingar á deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Þórshöfn og þeirri starfsemi sem þar er fyrirhuguð.

Umhverfisþættir sem taldir voru geta orðið fyrir áhrifum voru eftirfarandi: heilsa, öryggi, efnahagur og atvinnulíf og byggð og efnisleg verðmæti. Hver umhverfisþáttur var metinn og honum gefin einkunn.

Niðurstaða umhverfismatsins var sú að áhrif framkvæmdanna á heilsu og vellíðan þorpsbúa gæti orðið neikvæð meðan á framkvæmdatíma stendur en með tilkomu skorsteina mun loftgæði batna m.v. núverandi stöðu og verða áhrifin því óveruleg en jákvæð miðað við núverandi stöðu.

Áhrif á umferðaröryggi munu verða jákvæð með framfylgd skipulagsins þar sem umferðarflæði um hafnarsvæðið verður takmarkað.

Með frekari uppbyggingu í samfélaginu verða einnig jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf.

Skipulagið gerir ráð fyrir byggingu hárra skorsteina og sílóa þau munu ótvírætt hafa áhrif á ásýnd og yfirbragð byggðarinnar. Byggingarnar eru áberandi í umhverfinu og munu því hafa neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn byggð og efnisleg verðmæti.

Þegar heildar áhrif matsins eru skoðuð eru jákvæðu áhrifin af völdum aukins öryggis og uppbyggingar á atvinnu, efnahagslífi og loftgæði talin veigameiri þáttur en ásýnd byggðar.

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Við gerð skipulagsins var samráð haft við eftirfarandi aðila:

- Ísfélagið
- Hafnarnefnd

Óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar, afrit af umsögn er í viðauka.

Almenningi var kynnt tillagan með auglýsingu í Fréttablaðinu þann 25. maí 2011, hjá Skipulagsstofnun, í Lögbirtingablaðinu og á heimasíðu sveitarfélagsins með athugasemdarfrest til og með þriðjudeginum 5. júlí 2011. Afrit af auglýsingu er í viðauka.

Skipulagstillagan var kynnt íbúum á almennum íbúafundi þann 29. júní 2011 auk þess sem tillagan hékk frammi á skrifstofu sveitarfélagsins á Þórshöfn.

6 ATHUGASEMDIR OG SVÖR

Ein athugasemd barst á auglýsingartíma frá Guðmundi Vilhjálmssyni. Athugasemdin er í tveimur liðum. Afrit af athugasemd er í viðauka.

1. *Athugasemd þar sem bent er á að á uppdrætti er prentvilla í samþykktartexta.* Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd Langanesbyggðar þakkar ábendinguna um meinlega prentvillu á uppdrætti og um nauðsyn prófarkalesturs tillögunnar. Nefndin samþykkir að texti á uppdrætti verði leiðréttur og að texti í deiliskipulagsgreinargerð verði yfirfarin og villulesinn fyrir staðfestingu.

2. *Athugasemd er gerð um að húsin Fjarðarvegur 1 og 4 hafi verið þurrkuð út af skipulagi.* Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd Langanesbyggðar bendir á að húsin við Fjarðarveg 1 og 4 eru utan skipulagsmarka deiliskipulagstillögunnar og hefur uppdrátturinn því ekkert gildi hvað þau varðar. Nefndin bendir hins vegar á að umrædd hús eru skilgeind sem víkjandi mannvirki á gildandi aðalskipulagi Langanesbyggðar 2003 - 2023. Nefndin samþykkir að uppdrátturinn verði staðfærður og lagfærður fyrir staðfestingu til að fyrirbyggja frekari misskilning hvað þetta varðar.

Svar barst frá Umhverfisstofnun og er það í viðauka. Svárið krefst ekki umfjöllunar.

Smávægilegar breytingar voru gerðar á deiliskipulagsbreytingunni eftir auglýsingu s.s. innsláttarvillur leiðréttar og afmörkun uppdráttar skýrð betur skv. ábendingu.

7 GILDISTAKA OG FRAMKVÆMD

Gildandi er deiliskipulag hafnarsvæðis Þórshafnar, Langanesbyggð, sem tók gildi þann 28. nóvember 2007.

Deiliskipulagsbreyting þessi tekur gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni afgreiðslu í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan var lögð fram í umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd þann 12.05.2011 og í sveitarstjórn Langanesbyggðar þann 12.05.2011.

Deiliskipulagstillagan var auglýst þann 25. maí 2011 með athugasemdafresti til 6. júlí 2011.

Ein athugasemd barst á auglýsingartímanum og var hún tekin fyrir í umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd Langanesbyggðar þann 13. júlí 2011.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í sveitarstjórn Langanesbyggðar hinn 18. júlí 2011.

Sveitarstjóri Langanesbyggðar

8 VIÐAUKAR

Afrit af umsögn Umhverfisstofnunar

Afrit af athugasemd

Afrit af auglýsingu sem birtist í Fréttablaðinu

Umsögn Umhverfisstofnunar barst þann 11.07.2011

Umhverfisstofnun | Sudurhlíð 24 | Tel. 074-2912000 | www.umhverfisstofnun.is
 Environment Agency of Iceland | IG-100 Reykjavík | Fax: +354 591 2003 | usg@umhverfisstofnun.is

Teikn á lofti
 Lilju Filippusdóttir
 Skipagötu 12
 600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. júlí 2011
 Tíðisnúmer: UST20110500259/vgh

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis Þórshafnar, Langanesbyggð

Með vísan til bréfs Lilju Filippusdóttur f.h. sveitarstjóra Langanesbyggðar dags. 24. maí s.l. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis Þórshafnar.

Sannkvæmt grunargærd þá varðar breytingin vegtengingu á milli Eyrarvegjar 3 og smábátahafna; þannig að aðkoma að hafnarsvæði verður áhrifum um Eyrarveg en með hringakstri kringum Eyrarveg 1-3. Að auki verða byggingareitir 6 í stað 4 aður. Hámarks lænd húsa verður bundin við hvern byggingareit sem skilgreind er á uppdreitti. Ekki er gert ráð fyrir niðurrifi Eyrarvegjar 8 og syðri enda Eyrarvegjar 3. Byggi hefur verið á byggingareit Eyrarvegjar 14. Fyrirkomulag bílastæða sunnan Eyrarvegjar 3 breytist og eykst fjöldi stæða úr 37 í 62 og ríðgerð eru 83 bílastæði við Hafnarveg. Útivistarstígur hefur verið skilgreindur við hafnargarðinn. Einnig er gert ráð fyrir tveimur skorsteinum, 25 m og 35 m háum við nýtt ketilhús og ríðgerð eru 4 síló meðfram verksmiðjunni við Hafnarveg 4-6 sem verða að hámarki 40 m há.

Skipulagssvæðið er um 6,5 ha að stærð og er að mestu skilgreint sem hafnarsvæði í Aðalskipulagi Þórshafnar 2003-2023, en nær einnig yfir svæði sem flokkast sem athafnarsvæði og miðsvæði. Afnörkun breytist lítillega miðað við nýja aðkomu um Eyrarveg. Ekki er gert ráð fyrir matsskyldum framkvæmdum í skipulaginu skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 en mat hefur verið lagt á þá þætti sem breytingin getur haft í för með sér. Til grundvallar voru lagðir þættirnir; heilsa, öryggi, efnahagur og atvinnulíf, hyggð og efnisleg verðmæti. Með tilkomu skorsteinanna má gera ráð fyrir að útblástur frá verksmiðjunni verði botur húsasáður og muni samræmast reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Talið er að vegna hæðar sílóa og skorsteinna muni þau hafa sjónræn áhrif á byggðina og verða kennileiti í byggðarlaginu.

Helstu neikvæð áhrif eftir framkvæmdartíma, þegar verksmiðja hefur tekið til starfa, munu felast í frárennsli og útblæstri sem verður þó bætt miðað við núverandi ástand og mun fylgja þeim lögum og reglum sem gilda. Með mikilli lofræstingu sem tekin er næri jörðu inn í verksmiðjuna mun lykt umhverfis hana verða lítil sem engin. Mun munna magn af menguðu

lofti nær að komast út úr ferlinu en áður og það sem kemst út yfirgefur vinnsluna í 35 m hæð yfir jörðu. Lyktmengað loft mun því slá niður mun ljær verksmiðjunni og lyktgefaði gos verða margfalt meira úþynnt þar sem þau ná jörðu. Óþægindi af völdum hávaða, lyktar og ryks verða óveruleg. Jákvæð áhrif verða á þættina öryggi, efnahag og atvinnulíf, byggð og efnisleg verðmæti. Geymsla og meðhöndlun hjálparefna s.s. sóða, syru og ketilólfa verða í samræmi við lög og reglur Umhverfisstofnunar og Vinnuettirlits ríkisins. Engin efnianna eru þrávirk og skapa ekki hættu fyrir umhverfið eftir næga þýningu. Affalli af gölfum og yfirfalli af tönkum verður safnað saman áður en það er leitt til sjávar og þannig verður reynt að tryggja með þýningu, skiljun og eimingu að ekkert fari í frærensli sem valdið getur tjóni.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun bendir á að loftmengun skal vera undir mörkum sem tilgreind eru í reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, bæði innan vinnustaðar sem og utan. Vöktun skal vera samkvæmt reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnarefirlit og taka til þeirra þátta sem tilgreindir eru í 1. viðauka reglugerðar nr. 787/1999. Þar eru einnig tilgreind losunarmörk í 23. gr. Um hávaðamengun skal fara samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Reglugerð nr. 785/1999 gildir um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og um fráveitur og skölp fer samkvæmt reglugerð nr. 798/1999. Stofnunin bendir á að í tengslum við veitingu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur á svæðinu skulu viðkomandi fyrirtæki vinna vöktunaráætlun vegna umhverfisáhrifa í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun getur ekki aðrar athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi hafnarsvæðis Þórshafnar.

Virðingarfyllst

 Hjalti J. Guðmundsson
 Svíðsstjóri


 Aðalbjörg Birna Guðormsdóttir

47

Langanesbyggð
Athugasemd við deiliskipulag Hafnarsvæðis
Fjarðarvegur 3
680 Þórshöfn


Húsavík 1. júlí 2011.

Efni: Athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi á Hafnarsvæðinu á Þórshöfn.

Undirritaður hagsmunaaðili í Langanesbyggð gerir hér með eftirfarandi athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi á Hafnarsvæði Þórshafnar.


1. Á uppdrætti sem birtur er á netinu, sem og þeim uppdrætti sem þéck upp á skrifstofu Langanesbyggðar stendur eftirfarandi í tokihaus:
Deiliskipulagsráðlagan var lögð fram í skipulagsnefnd FJALLABYGGÐAR þann...
Og síðar stendur: Deiliskipulag þetta hefur hlönd meðferð.... Og samþykkt í sveitarstjórn FJALLABYGGÐAR þann...
Ég óreg þring um þetta atriði á meðfylgjandi blaði.
Þykir mér þetta benda til að full þörf sé á að prófarkalesa skipulagsstillinguna.

2. Húsin að Fjarðarvegi 1, Fjarðarvegi 4 hafa verið þurrkuð út af skipulagi samkvæmt tillögunni. Voru þau skráferuð á efri myndinni (Merkt sem hús til niðurfís) Einnig sést aðeins hluti af skráferuðu húsinu að Fjarðarvegi 7 á efri myndinni, en ekkert í það á þeirri neðri (nýju tillögunni). Bendir þetta til að húsið hafi einnig verið þurrkuð út af skipulagi, þrátt fyrir sérstaka afgreiðslu um annað á fundi sveitarstjórnar 17 mars s.l.
Ég sem hagsmunaaðili á svæðinu, óska sérstaklega eftir að sveitarstjórn útskýri þessi vinnubrögð og útskýri jafnframt hvernig þurrkun húsa út af skipulagi samrýmist 72 gr stjórnarskrárinnar, þar sem engin almenningsþörf er fyrir hendi að þessi hús hverfi, eða verði tekin eignarnámi. Ég sem hagsmunaaðili á svæðinu fordæmi vinnubrögð sem þessi, þar sem eigendur húsanna voru ekki hafðir með í ráðum. Má ég kannski húast við að eignir mínar á svæðinu hljóti sömu meðferð?

Vírdingarfylgt.

Guðmundur Vilhjálmsson

Guðmundur Vilhjálmsson
Lyngbrekku 13
640 Húsavík

Kt:130367-3999
S. 894-4418



Auglýsing birtist í Fréttablaðinu þann 25. maí 2011.



**Auglýsing tillögu að
breyttu deiliskipulagi
- hafnarsvæði Þórshafnar -
Langanesbyggð**

Tillaga að breyttu deiliskipulagi hafnarsvæðis á Þórshöfn auglýsist hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur m.a. í sér breytta skilgreiningu byggingarreita úr 4 í 6 þar sem gert er ráð fyrir fjórum silóum allt að 40 m háum og tveimur strompum við áætlað ketilhús. Aðkoma inn Eyrarveg hefur verið einfölduð.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofum Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn kl. 9:00-15:00 alla virka daga og í Skólagötu 5 á Bakkafirði frá kl. 10:00 til 14:00 alla virka daga frá miðvikudeginum 25. maí 2011 til miðvikudagsins 6. júlí 2011. Tillagan verður einnig aðgengileg á heimsíðu sveitarfélagsins:
- www.langanesbyggd.is -

Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist sveitarstjóra Langanesbyggðar eigi síðar en kl. 16.00 þriðjudaginn 5. júlí 2011.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Sveitarstjóri Langanesbyggðar